

### **Tillaga um breytta skipan úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs:**

Samkvæmt ákvæðum 15. gr. samþykktar SSNE sitja formenn fagráða í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs. Vegna breytinga í fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar leggur framkvæmdastjóri SSNE til þá breytingu að Eva Hlín Dereksdóttir, nýr formaður fagráðs, taki sæti í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs í stað Eiríks H. Haukssonar. Að auki bætist við úthlutunarnefndina formaður fagráðs umhverfismála, Ottó Elíasson. Því til viðbótar hefur framkvæmdastjóri SSNE gert þá tillögu að fjölga varamönnum úr tveimur í þrjá þannig að ávallt sé tilgreindur varamaður úr öllum fagráðum.

Framkvæmdastjóri SSNE leggur fram þá tillögu að úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs verði þannig skipuð aðalmönnum og varamönnum:

*Katrín Sigurjónsdóttir, formaður.*

*Guðni Bragason.*

*Thomas Helmig.*

*Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs menningar.*

*Eva Hlín Dereksdóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar.*

*Ottó Elíasson, formaður fagráðs umhverfismála.*

*Varamenn:*

*Jan Axel Klitgaard.*

*Guðrún Sigríður Tryggvadóttir.*

*Sveinn Margeirsson.*